

Ár 1987, föstudaginn 30. október, var í málinu nr. 4/1987  
kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Mál þetta er risið af ágreiningi Reykjavíkurborgar og Lands-  
sambands Íslenskra frímerkjasafnara um það, hvort fasteign síðar-  
greinds aðila að Síðumúla 17 í Reykjavík sé undanþegin fasteigna-  
skatti samkvæmt lögum nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Landssamband Íslenskra frímerkjasafnara kærði álagningu fast-  
eignaskatts á nefnda fasteign með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar,  
dags. 15. maí s.l., og rökstuddi sjónarmið sín síðan frekar í greinar-  
gerð í bréfi, dags. 17. september s.l. Kærandi heldur því fram, að  
fasteignin sé undanþegin fasteignaskatti, þar sem um félagsheimili sé  
að ræða í skilningi 1. málsg. 5. gr. laga nr. 73/1980. Tekur kærandi  
fram, að hann muni fá styrk úr Félagshéimilaskjóði vegna þessa félags-  
heimilis. Mótmælt er þeim skilningi borgaryfirvalda, að til félags-  
heimila samkvæmt nefndu ákvæði teljist aðeins "opin félagsheimili".  
Fullnægt sé eina skilyrði umrædds lagaákvæðis, að félagsheimilið sé  
ekki rekið í ágóðaskyni. Ljóst sé að tilgangur löggjafans með undan-  
þágu frá fasteignaskatti sé að hlúa að hvers konar félagsstarfi, sem  
ekki sé rekið í ágóðaskyni, svo og áskilji lögin um félagsheimili,  
að þau félög, sem húsnæðið eigi, skuli standa almenningi opin án  
tillits til stjórnmalaskoðana. Þessi túlkun geti ekki átt eingöngu  
við "opnu félagsheimilin", sem séu nefnd samkomuhús sveitarfélaga.  
Síðan segir í fyrrgreindri greinargerð kæranda:

"L.Í.F. er samband einstakra frímerkjafélaga í landinu, sem  
öll eru öllum opin, sem í þau vilja ganga til að fræðast um og efla  
frímerkjasöfnun í landinu, jafnt börnum sem fullorðnum. Í húsnæði sam-  
bandsins er stærsta og elsta frímerkjafélag landsins, Félag frímerkja-  
safnara, sem var stofnað 11. júní 1957 og er því 30 ára á þessu ári.  
Bæði sambandið og félagið vinna stöðugt að því að hvetja fólk á öllum  
aldri án tillits til stjórnmalaskoðana eða trúarskoðana, til þess að  
byrja frímerkjasöfnun, bæði til þess að auka þekkingu sína á löndum  
og þjóðum og til þess að læra reglusemi og hirðusemi. Þá er með þessu  
verið að hvetja fólk til hollrar tómstundaiðju. Eru haldnir fundir í  
félagsheimilinu um þessi efni og haldin hafa verið ókeypiss námskeið  
fyrir börn og unglunga um frímerkjasöfnun. Er fyrirhugað að efla  
þessa starfsemi, ef fjárhagur sambandsins leyfir".

Af hálfu Reykjavíkurborgar er því mótmælt, að umrædd fasteign njóti undanþágu frá fasteignaskatti. Í greinargerð lögfræði- og stjórn-sýsludeildar, dags. 15. júlí s.l., segir meðal annars:

" Það er skilningur borgaryfirvalda að með orðinu " félagsheimili " í 5. gr. laga nr. 73/1980 sé átt við hin " opnu " félagsheimili, sem risið hafa í byggðum landsins á síðustu áratugum með sameiginlegu átaki sveitarfélaga og ýmissa félagasamtaka í hverju sveitarfélagi og með stuðningi Félagsheimilasjóðs og sem byggð eru til þjónustu fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. Er þar aðeins um eitt " félagsheimili ", að ræða í hverju sveitarfélagi, en slíkar byggingar eru þó eigi í öllum sveitarfélögum og t.d. eigi í Reykjavík. Eigi sé átt við húsnæði einstakra félaga, sem fyrst og fremst er rekið fyrir félagsmenn þeirra, en fjöldi félagssamtaka í Reykjavík hafa fest kaup á húsnæði fyrir starfsemi sína.

Sú rýmkun sem gerð hefur verið á reglum um styrkveitingar Félagsheimilasjóðs síðustu árin á þann veg, að veita loforð um styrk vegna húsnæðisкупа einstakra félagasamtaka, breytir ekki ákvæði tekjustofnlaga um undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts, þannig að undanþágan sé útvíkkuð, enda var það eigi tilgangur rýmkaðra reglna um styrkveitingar Félagsheimilasjóðs. Til þess að útvíkka undanþágureglu tekjustofnlaganna hefði þurft að gera sérstaka breytingu á þeim lögum ".


Leggja ber til grundvallar við skýringu á 5. gr. laga nr. 73/1980, að þar sé miðað við félagsheimili í skilningi 1. gr. laga nr. 107/1970 um félagsheimili, sbr. lög nr. 54/1979 um breytingu á þeim lögum. Rétt er að taka fram, að síðastgreind lagabreyting fól í sér þá breytingu eina á 1. gr. laga nr. 107/1970, að sjómanna-stofur skyldu með vissum skilyrðum teljast til félagsheimila.

Telja ber félög frímerkjasafnara til menningarfélaga í skilningi 1. gr. laga nr. 107/1970 og ganga verður út frá því, að þau standi almenningi opin, svo sem haldið er fram af kæranda. Umrædd húseign landssamtaka þessara félaga, sem notuð er til fundar-halda og annarrar félagsstarfsemi, verður að teljast félagsheimili í skilningi 1. gr. laga nr. 107/1970, og hefur verið lögð fram í málinu viðurkenning stjórnar Félagsheimilasjóðs á því. Ekki er annað komið fram en að fullnægt sé því skilyrði 5. gr. laga nr. 73/1980, að ekki sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða í skilningi þess laga-ákvæðis.


Samkvæmt framansögðu verður að líta svo á, að umrædd fasteign sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt 5.gr. laga nr. 73/1980.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Framangreind fasteign Landssambands Íslenskra frímerkjasafnara að Síðumúla 17 í Reykjavík er undanþegin fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon.